



Fjölbreytni

Ársskýrsla 2014



VIRÐING - FJÖLBREYTNÍ - SKÖPUNARKRAFTUR

1. Skólinn

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti starfar samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla. Skólinn er í senn menntaskóli, listmenntaskóli og verkmenntaskóli og eru lokapróf frá skólanum stúdentspróf af bóknámsbrautum listnámsbrautum og að loknu starfsnámi, próf í húsasmíði, rafiðngreinum, snyrtifræði og sjúkraliðanámi, svo og lokapróf af starfsbraut og framhaldsskólabraut. Í FB er jöfnum höndum kennt í dagskóla og kvöldskóla, auk þess sem Sumarskóli FB er starfræktur í júnímánuði ár hvert. Rekstrarfé skólans ákvarðast af fjárheimildum Alþingis, en nám í sumarskólanum er greitt af nemendum.

2. Stefnumótun og stjórnun

Um vorið var stefna skólans endurskoðuð og einfölduð og skipuriti breytt. Eftir auglýsingar var ráðið í stöður yfir og millistjórnenda, s.s. áfangastjóra, rekstrarstjóra, fagstjóra, sviðsstjóra og verkefnastjóra á ýmsum sviðum. Sett voru fram 4 stefnumið og hið fyrsta er: Sérhver nemandi á að ná árangri í námi sínu. Sýn skólans er: *Við eflum einstaklinga til þess að skapa framtíðina*. Einnig var gerð tilraun til að skerpa á skilgreiningu árangursmælikvarða skólans. Hin nýja stefna var birt í skólanámskrá um haustið.

Á árinu var hannað nýtt útlit á merki og kynningarefni skólans. Hið nýja merki var innleitt í framhaldinu, svo og litakerfi fyrir allar merkingar innan húss. Almenn ánægja ríkir með hið nýja útlit innan skólans.



Á starfsdegi á vorönn var efnt til umræðu meðal kennara um grunnþætti menntunar og hvernig mætti koma þeim til skila í nýrri námskrá skólans sem er í undirbúningi.



Þann 24. janúar var FabLab opnað í Eddufelli, en það er samstarfsverkefni skólans, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Reykjavíkurborgar. Tilgangur FabLabs er að efla tæknilæsi og áhuga á frumkvöðlastarfi hjá ungu fólki og meðal almennings.

Skólinn fékk stóran Erasmus-styrk til að standa að starfsþjálfun nemenda og kennara í verknámi næstu tvö árin. 20 nemendur verða sendir í 30 daga starfsnám til útlanda og fjármagnaðar verða 16 ferðir kennara og starfsfólks til að kynna sér starfs- og kennsluhætti í verknámi í ýmsum löndum Evrópu.

Í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts sótti skólinn um styrk í Lýðheilsusjóð til að fjármagna áframhaldandi samstarf um sálfræðiþjónustu og HAM-námskeið handa nemendum. Einnig var í fyrsta sinn skimað fyrir áhættuþáttum brottfalls hjá nýnemum um haustið, í boði mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

3. Starfsfólk og starfsþróun

Opnun FabLabs varð tilefni þess að margir kennarar skólans sóttu þar námskeið til að læra að nýta stafræna tækni til að hanna hluti og búa til frumgerðir. Einn kennari skólans var ráðinn starfsmaður í FabLab fyrstu önnina, lærði tæknina og leiðbeindi áhugasömum samkennum. Tveir kennarar skólans sóttu í framhaldinu alþjóðlega FabLab-ráðstefnu á Spáni um sumarið og kynntu hugmyndir sem þar fengust á kennarafundi um haustið.

Á vorönn var Guðrún Pétursdóttir frá fyrirtækinu Inter Cultural Iceland fengin til að halda námskeið um fjölmennigarlega kennslu handa kennum skólans. Námskeiðið var í nokkrum hlutum og kennarar fengu m.a. þjálfun í að nota samvinnunámsaðferðir í kennslu. Rætt var mikið um viðhorf til fjölbreytileika og hversu mikilvægt væri að kenna nemendum samvinnufærni, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun.



Nokkrir kennarar skólans eru mjög áhugasamir um upptökur á netinu og hafa aðstoðað hvern annan við að læra að nota forritið Camtasia við upptöku á kennslumyndböndum (sjá mynd).

Verkfall framhaldsskólakennara setti svip á skólahald vorannar. Fimmtán kennsludagar féllu niður, en með góðu samstarfi tókst að bæta nemendum upp kennsluna og ljúka önninni með eðlileg-

um hætti. Umræður um nýjan kjarasamning og miklar breytingar sem hann boðar voru líflegar um vorið og haustið. Skólameistari hóf starfsmannasamtöl að hausti og mun tala við alla starfsmenn í vetur.

4. Skólahald, nýjungar og viðburðir

Í september var í fyrsta sinn haldinn fræðsludagur, þar sem kennsla var brotin upp í öllum skólanum og óhefðbundið skólastarf skipulagt, m.a. farið í vettvangsferðir út á land (sjá mynd). Dagurinn tókst vel og framhald ákveðið.

Skólafundur féll niður á verkfallsönninni. Skólafundur haustsins fjallaði um skólanámskrá, upphaf kennslu á daginn og lengd kennslustunda. Niðurstöður voru gefnar út í litlu hefti, eins og endranær. Skilaboð nemenda voru að þeir vildu flestir byrja seinna í skólanum, 8:30 eða 9:00, vildu stytta kennslustundir í 60 mínútur, stytta nám til lokaprófs, læra skyndihjálp, fjölga erlendum tungumálum, fá kennslu í fjármálalæsi, fleiri listgreinum, fá meiri kennslu í ritun og



að námsmat væri fremur í formi símats en lokaprófa. Margir vildu eiga kost á starfsnámi í fyrirtækjum, einnig bóknámsnemendur. Í heildina voru nemendur þó sáttir við nám og námstílhögun í skólanum, en báðu um að stundatöflur væru skipulagðar þannig að þeir fengju nauðsynlega áfanga í töflu á hverri önn til að geta lokið námi á tilskyldum tíma.




Forvarnardagar voru tveir. Á forvarnardegi í febrúar bauðst nemendum að velja á milli fjölmargra fræðslufyrirlestra og þátttöku í skipulagðri hreyfingu (sjá mynd). Á forvarnardegi kom Arnar Jan Jónsson læknir og talaði um kannabisreykingar og í framhaldinu voru hópumræður meðal nemenda í kennslustofum.

Sæludagar voru í byrjun mars og enduðu að vanda með árshátíð nemenda.



Á vorönn var efnt til samstarfs listadeildar FB og Axis um hönnun húsgagna í tengslum við áfanga í rýmishönnun, þar sem nemendur fengu að starfa innan veggja fyrirtækisins



og njóta leiðsagnar þar, meðfram námi sínu í skólanum. Starfsnám í fyrirtækjum er afar áhugaverður vettvangur til þess að tengja saman skólastarf og atvinnulíf (sjá myndir).

Skólinn tók þátt í framhaldsskólakynningu og Íslandsmóti iðn- og verkgreina í Kópavogi í mars. Snyrtifræðinemar úr FB fengu verðlaun, svo og nemi í rafvirkjun.



5. Nemendur og námslok

Nemendur dagskóla eru um 1730 á árinu og hefur fækkað um 84 eða um 6% milli ára.

Fjöldi nemenda eftir brautum												
Tegund náms	2011V	2011H	2011	2012V	2012H	2012	2013V	2013H	2013	2014V	2014H	2014
Námsstuðningur			10,3%		9,9%	9,7%			9,6%			7,3%
Framhaldsskólabraut	49	70		55	41		28	59		41	34	
Nám f. erlenda nemendur	64	55		55	64		46	45		19	8	
Starfsbraut	32	33		33	34		36	37		39	39	
Nám til stúdentsprófs			40,4%			38,9%			40,4%			40,6%
Félagsfræðibraut	271	279		269	271		241	253		215	190	
Málabraut	40	42		44	50		41	48		53	45	
Náttúrufræðibraut	110	121		99	108		112	99		98	91	
Íþróttabraut	135	157		147	139		130	121		117	115	
Upplýsinga- og tæknibraut	1	1		1	1		0	14		21	52	
Viðskiptabrautir	19	9		2	1		0	0		0	0	
Iðn- og verknað			24,1%			27,7%			28,1%			28,6%
Húsmiðabraut	50	49		56	58		50	62		54	55	
Rafiðnir	31	36		84	95		81	84		85	90	
Sjúkraliðanám	68	84		75	82		79	100		80	86	
Snyrtibraut	164	185		150	162		131	111		102	119	
Nám að loknu starfsnámi	21	18		27	19		21	19		13	18	
Listnám			19,9%			19,4%			18,2%			18,1%
Handiðabraut	67	77		73	76		62	63		54	55	
Listnámsbraut	209	229		213	202		180	173		164	172	
Annað nám			5,3%			4,4%			3,7%			5,3%
Ótilgreint nám	17	14		13	15		6	8		12	2	
Almenn námsbraut	64	59		51	48		42	40		54	62	
Samtals	1412	1518	100%	1447	1466	100%	1286	1336	100%	1221	1233	100%
Nemendur í leyfi	58	52		45	45		56	70		48	43	
Fjöldi virkra nemenda	1354	1466		1402	1421		1230	1266		1173	1190	
Nemendur í kvöldskóla	523	500		589	624		595	553		553	550	
Samtals í skólanum	1877	1966		1991	2045		1825	1819		1726	1740	



Heildarfjöldi útskrifaðra var 313 nemendur og fækkaði útskriftum þannig um 44 milli ára, mest fækkaði útskriftum á félagsfræðibraut og stúdentsprófi að loknu starfsnámi. Útskriftir skiptust þannig á milli brauta og anna 2011-2014:

Tegund prófs	V11	H11	V12	H12	V13	H13	V14	H14
Stúdentspróf af félagsfræðibraut	39	37	29	32	34	38	25	30
Stúdentspróf af íþróttabraut	6	4	9	8	12	5	14	10
Stúdentspróf af málabraut	3	5	6	8	2	1	3	5
Stúdentspróf af náttúrufræðibraut	11	13	13	9	11	5	19	6
Stúdentspróf af upplýsinga- og tæknibraut	1	0	1		2	0		
Stúdentspróf af viðskipta- og hagfræðibraut	4	6	2	1	0	0		1
Stúdentspróf af handmenntabraut	12	7	5	3	8	3	7	7
Stúdentspróf af myndlistabraut	15	11	27	13	24	12	16	11
Þriggja ára myndlistabraut	1	0	1					
Handíðabraut 1 ár	2	2		1	2			
Sjúkraliðar	17	18	19	13	18	24	22	17
Burtfararpróf af snyrtibraut	11	10	11	13	17	12	11	10
Burtfararpróf af húsasmiðabraut	20	15	15	28	11	10	16	12
Burtfararpróf af rafvirkjabraut	22	13	14	15	20	14	19	14
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	24	24	28	20	32	31	12	20
Starfsbraut	5	0	6	0	9		6	0
Samtals lokapróf	193	165	186	164	202	155	170	143

Um helmingur allra útskrifta úr skólanum er úr verknámi og stúdentsprófi að því loknu. Bóknámsstúdentspróf eru um 35% útskrifta og listnámsútskriftir á bilinu 13-14%. Hlutfall útskrifaðra af einstökum sviðum skólans helst nokkuð sambærilegt milli ára eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Skipting útskrifaðra frá FB eftir gerð náms 2011-14								
Bóknám, listnám, verknám	Fjöldi				Hlutfall útskrifaðra			
	2011	2012	2013	2014	2011	2012	2013	2014
Bóknámsstúdentspróf	129	118	110	113	36,0%	33,7%	30,8%	36,1%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)	50	50	49	41	14,0%	14,3%	13,7%	13,1%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)	174	176	189	153	48,6%	50,3%	52,9%	48,9%
Starfsbraut (í sérdeild)	5	6	9	6	1,4%	1,7%	2,5%	1,9%
Samtals	358	350	357	313	100%	100,0%	100,0%	100,0%



6. Framkvæmd markmiða

Í skólasamningi frá 2013 voru sett fram markmið til þriggja ára. Þrjú meginmarkmið samningsins eru:

1. Að allir nemendur skólans nái árangri í námi sínu
2. Að styrkja stöðu verknáms í skólanum
3. Að efla lýðræðislega starfshætti í skólanum

Árangursmælikvarði: Hlutfall nýnema sem náðu prófi í íslensku og/eða stærðfræði á haustönn.

Hlutfall 16 ára nýnema skráðra í ísl. og stæ. sem náðu prófi á fyrstu námsönn						
	2009 (f.93)	2010 (f.94)	2011 (f.95)	2012 (f.96)	2013 (f.97)	2014 (f.98)
Íslenska	71%	85%	87%	93%	94%	81%
Skrán.ísl.	14	27	37	43	51	101
Stærðfræð	67%	79%	73%	66%	60%	72%
Skrán. stæ	12	34	41	41	57	109

Árangursmælikvarði: Fjölgun nemenda í verknámi milli ára (%).

Fjölgun/fækkun í verknámi dagskóla milli haustanna				
	2010/11	2011/12	2012/13	2013/14
Húsasmiðabraut	-17%	-21%	7%	-11%
Rafiðnir	-9%	-17%	-12%	7%
Sjúkraliðanám	0%	-2%	22%	-14%
Snyrtibraut	4%	-12%	-31%	7%

Árangursmælikvarði: Hlutfall nemenda sem finnst hlustað á sjónarmið sín (%).

Í viðhorfakönnun 2014 var í fyrsta skipti spurt að þessu og voru 45,2% nemenda sammála eða frekar sammála því að hlustað væri á sjónarmið þeirra. 2,7% voru ósammála eða frekar ósammála fullyrðingunni og 36,3% voru hvorki sammála né ósammála.

7. Fjármál og rekstur

Skólinn var rekinn með tæplega 25 milljón króna halla innan ársins og bættist það við hallarekstur sem fyrir var. Uppsafnaður rekstrarhalli skólans var í árslok kominn í 70.842.892. Hefur orðið viðsnúningur síðustu þrjú árin, eftir að tekist hafði með miklu aðhaldi að greiða niður halla sem skólinn var kominn í 2009. Ljóst er að þörf er á nýju aðhaldstímabili í rekstri.

Fjölbautaskólinn í Breiðholti: rekstur 2011-2014				
	2014	2013	2012	2011
Dagvinna	590.370.197	587.488.667	578.323.664	525.584.269
Vaktaálag	652.597	1.030.728	764.844	906.135
Aukagreiðslur	42.959.341	36.435.759	38.904.855	14.152.569
Yfirvinna	194.665.981	166.854.681	172.801.459	151.847.727
Launatengd gjöld	197.497.981	189.059.836	188.493.322	173.803.386
Laun	1.026.146.097	980.869.671	979.288.144	866.294.086
Ferða og dvalark. innanlands	742.175	1.122.215	631.732	216.799
Ferða og dvalark. erlendis	3.078.820	2.784.882	7.274.458	3.829.404
Fundir, námskeið og risna	2.217.479	2.034.389	1.293.623	1.381.306
Akstur	2.372.934	2.661.086	2.465.995	2.146.835
Ferðakostn.	8.411.408	8.602.572	11.665.808	7.574.344
Tímarit, blöð og bækur	1.043.167	1.415.342	1.800.491	935.142
Skrifstofuvörur og áhöld	7.566.522	6.988.690	8.167.939	9.886.335
Aðrar vörur	24.194.839	21.992.373	24.139.473	21.146.881
Skrifstofukostn. og kennsluefni	32.804.528	30.396.405	34.107.903	31.968.358
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	4.196.982	5.403.938	3.424.968	1.677.381
Önnur sérfræðipjónusta	21.328.739	23.221.947	16.906.744	14.323.844
Sími og ýmis leigugjöld	6.545.477	7.379.309	7.435.739	6.903.057
Prentun,póstur, augl., flutningar	5.844.107	5.846.429	4.868.630	4.040.439
Pjónusta	37.915.305	41.851.623	32.636.081	26.944.721
Húsaleiga og aðk. ræsting	139.413.856	130.869.791	130.648.523	126.696.778
Rafmagn og heitt vatn	16.303.298	13.340.691	16.733.457	13.815.223
Verkkaup og byggingavörur	4.185.642	4.784.443	3.486.260	6.628.502
Húsnæði	159.902.796	148.994.925	150.868.240	147.140.503
Verkstæði og varahlutir	57.235	89.193	736.152	158.671
Brennsluefni og olíur	76.155	165.164	188.506	265.009
Verkst.	133.390	254.357	924.658	423.680
Vextir, bætur, skattar	1.106.959	1.373.687	682.704	561.744
Eignakaup	18.157.682	21.447.692	25.146.406	24.859.943
Tilfærslur	1.337.304	321.138	445.784	357.000
Eignakaup	20.601.945	23.142.517	26.274.894	25.778.687
Samtals gjöld	1.285.915.469	1.234.112.070	1.235.765.728	1.106.124.379
Sértekjur	-157.510.377	-160.671.371	-145.349.912	-109.107.977
Aðrar rekstrartekjur	-20.832.150	-20.475.166	-20.248.900	-20.977.492
Framlag ríkissjóðs	-1.082.642.428	-1.032.397.372	-1.046.073.338	-1.002.277.350
Samtals tekjur	-1.260.984.955	-1.213.543.909	-1.211.672.150	-1.132.362.819
	24.930.514	20.568.161	24.093.578	-26.238.440

Nýir kjarasamningar kennara og ný námskrá framhaldsskóla eru að líkindum kostnaðaraukandi, þannig að það er mikil áskorun fyrir skólayfirvöld að halda rekstri skólans innan fjárheimilda. Við munum leggja okkur fram um að það takist.

Reykjavík í febrúar 2015,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari